

Mánudaginn 2. aprílmánaðar.

Nr. 11/1900:

Réttvísinn

gegn

Arnbirni Ólafssyni.

## D ó m u r :

Með dómi, uppkveðnum 12. ágústmánaðar f. á. fyrir aukarétti Gullbringu- og Kjósarsýslu, af settum dómara Einari Benediktssyni, var hinn ákærði Arnbjörn bakari Ólafsson í Keflavík dæmdur fyrir brot gegn 102. gr. hinna almennu hegningarlaga í 100 kr. sekt til landssjóðs eða til vara í einfalt fangelsi í 30 daga; svo skyldi hann og greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað.

Þessum dómi hefir að beiðni hins ákærða og fyrir hönd hins opinbera verið áfrýjað til landsyfirdómsins.

Málsatvik eru samkvæmt eigin játningu ákærða og öðrum skýrslum, sem fengnar eru í málinu, þessi: Hinn 15. septbr. 1898 var enskt botnvörpuskip að nafni »Cuckoo« að veiðum í Garðsjó í landhelgi. Hlutaðeigandi sýslumaður, Franz Siemsen, lét þá flytja sig út í nefnt skip til þess að reka landsréttar gegn skipstjóra. Þegar far það, sem sýslumaður fluttist á, kom að nefndu botnvörpuskipi, rétti ákærði, sem var um borð í botnvörpuskipinu, kaðal til þeirra, sem á farinu vorinu, svo að þeir mættu festa sig við botnvörpuskipið. Þegar sýslumaður kom upp á skipið, var ákærði staddur uppi á stjórnbrú skipsins. Sýslu-

maður yrti þá að fyrra bragði á ákærða þessum eða líkum orðum: »Þér eruð þá hér, þér megið skammast yðar, eg skal hitta yður seinna«; jafnframt beindi sýslumaður svipu, sem hann hafði í hendinni, upp til ákærða. Ákærði brást við reiður, steytti hnefana framan í sýslumann og ávarpaði hann þessum orðum: »hér er enginn köttur til að rófuslíta«, eins og hann einnig sagði að sýslumaður hefði þar ekkert að gjöra.

Ákærði hefir kannast við, að hann hafi viðhaft þessi orð til sýslumanns í því skyni að óvirða hann og smána, þótt hann reyndar hafi viljað halda því fram, að hann hafi ekki ætlað að óvirða sýslumanninn sem embættismann, heldur sem privatmann; en til þessa verður ekkert tillit haft, þar sem ákærði hefir kannast við, að hann hafi vitað, að sýslumaðurinn væri kominn umborð til að gegna embætti sínu.

Þetta atferli ákærða, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og ekki áður hefir sætt hegningu fyrir neitt lagabrot, hefir héraðsdómurinn með réttu heimfært undir 102. gr. hegningarlaganna og virðist hegning sú, sem hann hefir til unnið samkvæmt nefndri lagagrein. samanborinni við 103. gr. sömu laga, hæfilega metin 200 kr. sekt, er renni í landssjóð, eða einfalt fangelsi í 60 daga, sé öll sektin ekki greidd í ákveðinn tíma. Um málskostnað í héraði á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður. Svo ber ákærða og að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með

talín málfutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi 10 kr. til hvors þeirra.

Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og sókn og vörn í því fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinn ákærði, Arnbjörn Ólafsson, á að greiða 200 kr. sekt till landssjóðs eða sæta einföldu fangelsi í 60 daga, sé öll sektin ekki greidd í ákveðinn tíma. Að því málskostnað í héraði snertir, á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður. Ákærði greiði einnig allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun til sóknara og svara-manns fyrir yfirdómi, cand. juris Guðmundar Sveinbjörnsson og setts málaflutningsmanns Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 23. aprílmánaðar.

Nr 10/1900:

Hið opinbera

gegn

Sigurði Jóhannessyni og

Hákoni Halldórssyni.

D ó m u r :

Með bréfi dags. 9. marz 1898 tilkynti sýslu-